

Ársskýrsla 2008



Stjórn Samtaka iðnaðarins 2008



Helgi Magnússon
formaður



Þorsteinn Víglundsson
varaformaður
BM Vallá ehf.



**Aðalheiður
Héðinsdóttir**
ritari
Kaffitár ehf.



Anna María Jónsdóttir
Laugar Spa ehf.



**Tómas Már
Sigurðsson**
Alcoa Fjarðaál



Loftur Árnason
Ístak hf.



Ingvar J. Kristinsson
Marel hf.

Stjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð átta körlum og konum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun SI og sjá til þess að markaðri stefnu sé fylgt. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfundu og sérstaks stefnumótunarfundar í byrjun september. Stjórnarmenn SI taka einnig virkan þátt í margvíslegu öðru starfi á vegum Samtakanna, bæði innra starfi og starfi sem lýtur að samskiptum við stjórnvöld.

Sem fyrr hefur stjórnin heimsótt nokkur fyrirtæki á árinu og má nefna SET á Selfossi, Sláturfélag Suðurlands á Hvolsvelli og Límtré á Flúðum. Síðari hluta ársins var umræða um stöðu efnahagsmála sérlega fyrirferðarmikil hjá stjórninni enda ærið tilefni.

Sigurður Bragi Guðmundsson



Nýtt og betra

Árið 2008 mun marka djúp spor í sögu íslenskra efnahagsmála og þar með atvinnusögu.

Íslenskt samfélag hefur vaknað upp við vandan draum. Efnahagslegir innviðir voru veikari en flesta óraði nokkurn tíma fyrir og þeir brustu nánast fyrirvaralaust á haustmánuðum.

Árið 2008 átti í hugum flestra að vera ár aðlögunar, nokkurs konar aðdragandi skammvinnns samdráttar, en síðan tæki hagkerfið við sér að nýju.

Þegar litið er til baka og fleiri staðreyndir verða okkur ljósar verður æ skýrara að ekki var tekið mark á greinilegum vísbendingum um að í óefni stefndi.

Samtök iðnaðarins hafa verið óþreytandi við að benda á nauðsyn þess að tryggja stöðugleika, hægan og jafnan hagvöxt, verðmætasköpun með aukinni framleiðslu, orkunýtingu og virkjun mannaúts til nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu. Þau hafa ítrekað bent á hvaða leiðir eru heppilegastar til þess að skapa þessi skilyrði en stjórnvöld hafa kosið að fara aðrar leiðir.

Tíminn einn mun leiða í ljós hve djúpstæð og langvarandi kreppan verður sem við glímum við. Við verðum öll að sammælast um að læra af reynsl-

unni og endurreisa efnahags- og atvinnulífið með það að leiðarljósi að það verði traustara og heilbrigðara en áður. Við eigum að búa okkur efnahagslega umgjörð sem byggir á aðild að Evrópusambandinu og evru.


Helgi Magnússon



Erfitt ár að baki fyrir krónuna

Árið 2008 reyndist íslensku krónunni erfitt og rýrnaði verðgildi hennar um 80% á árinu. Í upphafi árs kostaði hver evra um 92 krónur og dollari fékkst á 62 krónur. Undir lok ársins hafði evran hækkað í 172 krónur og dollarinn var á um 122 krónur.

Gífurlegt gengisfall krónunnar er til marks um þau miklu umskipti sem áttu sér stað í efnahagslífinu. Þessi þróun er í senn orsök og afleiðing efnahagshrunsins. Í fyrsta lagi stuðlaði vaxta-stefnan að því að gengi krónunnar varð óeðlilega sterkt á árunum 2004-2007 sem kynti undir mjög mikilli einkaneyslu og fjárfestingum sem fjármagnaðar voru með erlendum lánum. Þannig byggðist upp mikil spennan í hagkerfinu sem losnaði um með miklum hveli þegar bankakerfið hrundi í október. Raunar á enn eftir að losa um verulegan hluta þessarar spennu enda eru erlendir fjármagnseigendur í gíslingu fjármagnshafta. Afleiðingar hrunsins birtast okkur m.a. í mjög veikri krónu í miklu verðbólgu skoti en í árslok var



verðbólgan komin í 18,1%. Fram eftir árinu 2009 mun verðbólga áfram verða há en getur gengið hratt niður þegar frá líður. Ástæða verðbólgunnar er fyrst og fremst hækkandi innflutningsverðlag, t.a.m. hækkuðu innfluttar matar- og drykkjarvörur um 56,6% frá desember 2007 til desember 2008.

Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á iðnaðinn en með ólíkum hætti. Hjá skuldugum fyrirtækjum hefur gengisþróunin reynst afar óhagstæð þar sem

erlendar skuldir vega þungt. Hrátt gengur á eigið fé fyrirtækja og erfitt er að standa undir afborgunum. Hins vegar hafa tekjur í erlendra mynt hækkað verulega og þar með hefur samkeppnishæfni iðnaðarins aukist. Á móti hagstæðu gengi fyrir útflutning vegur það þungt að erfitt efnahagsástand ríkir víða í heiminum og eftirspurn eftir margvíslegum iðnvörningi hefur dregist saman.

8+8 ferskir hönnuðir í Firðinum

Samtök iðnaðarins styrktu sýninguna *8+8 Made in Hafnarfjörður* þar sem átta alþjóðlegir hönnuðir og 8 hafnirskir framleiðslufyrirtæki sýndu afrakstur samstarfsins. Sýningin var á vegum Hafnarborgar og Hönnunarmiðstöðvar Íslands og sett upp í tilefni af hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar. Um var að ræða þróun nýrra vara sem ætlað er að skapa framleiðslu fyrirtækjanna sérstöðu og ímynd, auk þess að auka verðgildi framleiðslunnar.



Gagnagrunnur um lög og reglur í umhverfismálum

Tekin hafa verið saman í einn gagnagrunn lög og reglur sem lúta að umhverfismálum og vinnuvernd. Samtökin munu bjóða félagsmönnum sínum aðgang að grunninum í gegnum internetið. Samningur þess efnis var gerður við VSÓ Ráðgjöf, sem rekur grunninn. Gagnagrunnurinn verður uppfærður reglulega og þar er að finna úrdrátt úr flestu því í umhverfis- og vinnuverndarlöggjöf-inni sem snýr að iðnfyrirtækjum.

Áhætta í verktöku

- Hver er sinnar gæfusmiður

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir ráðstefnu um áhættuþætti í verktöku í tengslum við *Verk og vit* í apríl. Ráðstefnuna sóttu um 150 manns.

SI ákvað að efna til umræðu um áhættu í verklegum framkvæmdum vegna þeirra erfiðleika sem stöðjuðu að mannvirkjagerð vegna hækkana á heimsmörkuðum og óhagstæðrar gengisþróunar. Tilgangurinn var að greina hverjir þessir þættir eru og hvar eðlilegast væri að ábyrgðin lægi.

Framsögumenn voru frá Ístaki, Mannvirkjasviði ÍAV, Hlaðbæ - Colas, Landsvirkjun Power, Lögmannsstofunni LOGOS og Kaupþingi.

Niðurstöður fundarins voru að mikilvægt er að þeir verktakar sem eru hæfastir í hina eiginlegu verkframkvæmd lífi og dafni, en ekki þeir sem eru tilbúnir að taka áhættu sem þeir hvorki getað stjórnað né haft áhrif á.



Núverandi fyrirkomulag á verktakamarkaði hefur reynst mörgum verktökum erfitt. Því er það mikilvægt að sanngjarnar leikreglur og rétt áhættuskipting

sé viðhöfð – til hagsbóta fyrir verkkaupa jafnt sem verktaka.

Útboðsþing

Fjölmenni var á árlegu Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins, Félags vinnuvélaeigenda og Mannvirkis – félags verktaka. Þetta var í tólfta sinn sem þingið er haldið. Á þinginu var gefið yfirlit yfir helstu útboð stærstu opinberu verkkaupa landsins. Verktökum og öðrum gafst þar tækifæri til að skyggjast inn í verkefnaframboð ársins. Sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður kynntu áform um framkvæmdir á árinu upp á 29,2 milljarða króna en hjá Hafnarfjarðarbæ voru fyrirhugaðar mestu framkvæmdir í 100 ára sögu bæjarfélagsins. Á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins voru framkvæmdir á árinu áætlaðar 11 milljarðar króna, 3,9 milljarðar króna hjá Siglingastofnun, 14,5 milljarðar króna hjá Landsvirkjun, 32,6



milljarðar króna hjá Orkuveitu Reykjavíkur og 30,7 milljarðar króna hjá Vegagerðinni. Hjá Landsneti ríkti mikil óvissa um framkvæmdir á árinu.

Framkvæmdir voru áætlaðar nema 130 milljörðum króna hjá áðurnefndum aðilum sem var aukning um 25 milljarða króna milli ára.



Verðtryggðir verk- samningar rétt fyrir jól

Borgarráð samþykkti á fundi í desember að gera samkomulag við Samtök iðnaðarins fyrir hönd verktaka og greiða verðbætur vegna óverðtryggðra verksamninga.

Um árabíl hafa verksamningar sem gerðir eru til lengri tíma en eins árs verið verðbættir. Þannig var það líka í upphafi árs þegar Reykjavíkurborg bauð út framkvæmdir ársins. Síðan reið yfir holskefla hækkana á hráefni og aðföngum til mannvirkjagerðar. Nánast öll hráefni á erlendum mörkuðum hækkundu eins og timbur, stál, málmar og lagnaefni að ónefndri olíu. Hækkunin var nær linnulaus á fyrrihluta ársins og allt fram á haust. Til viðbótar lækkaði gengi íslensku krónunnar um 25% fyrir páska. Gengishrunið í haust hafði einnig mjög alvarleg áhrif á þessa verksamninga.

Forsendur sem verktakar höfðu gefið sér þegar þeir reiknuðu tilboð sín á vordögum voru brostnar og engin leið eða sanngirni að krefja þá um að



standa við gerða samninga. Til að mæta þessum ófyrirséðu áföllum hefur verið unnið að samkomulagi sem bætir verktökunum þessar hækkanir að hluta.

Í byrjun sumars tóku Vegagerðin og Siglingastofnun upp verðtryggingu allra verksamninga.

Endurskoðun á ÍST 30

Að frumkvæði SI er að hefjast vinna við endurskoðun á staðlinum ÍST 30 sem gildir um almenna útboðs- og samningsskilmála við verklegar framkvæmdir. Staðallinn byggir á samkomulagi milli verktaka, verkkaupa og hönnuða um það hvernig samskiptum þessara aðila skuli háttað. Kallað hefur verið eftir tillögum að úrbótum frá félagsmönnum og er þeirri vinnu nú lokið og fyrirhugað að hefja viðræður við gagnaðilana sem eru verkkaupar og hönnuðir. Staðallinn var síðast endurskoðaður árið 2003 en þar sem stöðugt eiga sér stað breytingar í mannvirkjagreinum og í samskiptum verktaka og verkkaupa var talið nauðsynlegt að endurskoða staðallinn nú.

Staðallinn er mikilvægt plagg því aðeins með skýrum leikreglum og skýrum mörkum um verksvið og ábyrgð getum við tryggt heilbrigða samkeppni og heilbrigðan útboðsmarkað á Íslandi.

Einfaldari stjórnýsla

Samtök iðnaðarins hafa vaxandi áhyggjur af því að lög og reglur á sviði umhverfis- og auðlindamála, ásamt framkvæmd þeirra, leggi stein í götu eðlilegrar starfsemi fyrirtækja og framgangs framkvæmda. Dæmum um deilur um túlkun laga, lagastoð reglna og reglugerða, ásamt seinangangi stjórnvalda virðist fjölga ört. SI hófu síðastliðið haust skoðun á þessum þáttum og sendu erindi og funduðu með viðeigandi ráðuneytum og stofnunum.

Samtökin leggja áherslu á að fá að koma á frumstigi að gerð lagafrumvarpa, reglugerða og reglna eða breytinga á þeim á sviði umhverfis- og auð-

lindamála, til þess að draga úr og helst koma í veg fyrir ágreining og deilur um lög og reglur og framkvæmd þeirra. Slíkt samráð þjónar þeim tilgangi að leiða hugsanlega annmarka strax í ljós. SI óskuðu eftir því að slíku samráði verði komið í formlegan, reglubundinn farveg.

Umhverfis- og auðlindamál eru mikilvæg og umfangsmikil í starfsemi margra fyrirtækja. Fyrirtækin leggja almennt áherslu á að geta framfylgt þeim reglum er gilda þar um. Því er mikilvægt að þær reglur séu skýrar og einfaldar svo auðveldara sé fyrir fyrirtækin að vinna eftir þeim. Flókið reglu-

verk skapar hættu á að þeir, sem sniðganga lög og reglur nú þegar, eigi enn auðveldara með að afsaka kæruleysi sitt og fela misgjörðir í skjóli flókinna reglna. Þau fyrirtæki, sem gera sér far um að vinna í sátt við yfirvöld og fylgja settum reglum, sitja uppi með meiri kostnað og vinnu en nauðsyn krefur vegna þessa. Reynslan hefur sýnt að samstarf atvinnulífs og stjórnvalda er gagnlegt við undirbúning og setningu regluverks og að mati SI er mikilvægt að þeir sem eiga hagsmuna að gæta og munu vinna eftir reglunum eigi aðkomu að gerð þeirra á frumstigi.

Það er ljós í myrkrinu

– leiðir til úrbóta í byggingariðnaði

Mikill fjöldi var á morgunverðarfundum SI um ástand og horfur í bygginga- og mannvirkjagreinum sem haldinn var í maí.

Á fundinum tóku til máls Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur hjá SI, Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri BM Vallár og Ingólfur Bender hjá greiningardeild Glitnis. Framsögumenn voru sammála um að þrátt fyrir dökkt útlit væri ljós í myrkrinu og að með skynsamlegum aðgerðum væri hægt að hafa áhrif á framtíðarhorfur í byggingariðnaði. Meðal þess sem nefnt var í því samhengi var að styrkja þyrfti Íbúðalánasjóð og afnema stimpilgjöld og óþörf vörugjöld. Fjármálaráðherra tilkynnti að ríkisstjórnin myndi birta breytingar á skipulagi Íbúðalánasjóðs með haustinu og að stefnt yrði að því að fella niður stimpilgjöld. Fyrsta skrefið í þá átt yrði tekið um sumarið þegar stimpilgjöld af fyrstu íbúðarkaupum yrðu felld niður.



Námsefnisstyrkur Samtaka iðnaðarins

Námsefnisstyrkur Samtaka iðnaðarins var veittur í fjórða sinn á Menntadegi iðnaðarins.. Að þessu sinni hlutu fjögur verkefni styrk, *Rannsóknarþjónustan SÝNI* hlaut 500 þúsund krónur til að vinna að kennsluefni um vöruþekkingu, næringargildi og manneldismarkmið. *Skjámynd ehf.* hlaut 800 þúsund krónur styrk til að setja námsefni um fjar-skiptatækni á netið. *IDAN fræðslusetur* hlaut tvær milljónir til að vinna ferilbækur í vinnustaðanámi í blikksmíði, framreiðslu, kjötiðn og húsasmíði. *IDNÚ* bókaútgáfa hlaut 1,5 milljónir króna til að vinna kennslubók fyrir nám í tækni-teiknun.

Halla Bogadóttir, fulltrúi matsnefndar, afhenti styrkina.

Samtök iðnaðarins auglýsa tvisvar á ári eftir umsóknum um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað. Varið er allt að tíu milljónum króna á ári til þessa verkefnis.

RR-SKIL - Nýtt skilakerfi fyrir raf- og rafeindatæki

Í júlí var haldinn undirbúningsstofnfundur félags til að reka skilakerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja. Félagið fékk nafnið RR-skil og var stofnað vegna lagabreytingar sem samþykkt var á afstöðnu Alþingi sem leggur nýjar skyldur varðandi förgun þessara tækja á innflytjendur og framleiðendur.

Markmið RR-skila er að reka skilakerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja og er starfssvið þess allt landið. Helstu verkefni félagsins verða að tryggja söfnun og móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá söfnunarstöðvum og í samráði við söfnunaraðila, alls staðar á landinu og að

tryggja að raf- og rafeindatækjaúrgangur sé meðhöndlaður af atvinnurekstri sem hefur gilt starfsleyfi. Félagið skal kosta geymslu, safna og taka á móti og kosta meðhöndlun á því heildarmagni raf- og rafeindatækjaúrgangs sem jafngildir markaðshlutdeild þeirra framleiðenda og innflytjenda sem samning hafa við félagið.

Eftirtaldir aðilar eru stofnfélagar í RR-SKILUM, Samtök iðnaðarins, Norvik – Elko, Rafha ehf., Securitas hf., Johan Rönnung, Húsasmiðjan, Ölgerðin ehf., Heimilistæki og Vífilfell. Um áramót var fjöldi félagsmanna rúmlega 80 fyrirtæki.

Greiningartæki til að meta innviði fyrirtækja



Starfsmenn Comparison International fra Bretlandi þeir Gerry Oates og Michael Jones með vottuðum starfsmönnum SI þeim Davíð Lúðvíkssyni, Ragnheiði Héðinsdóttur, Bryndísi Skúladóttur og Haraldi Dean Nelson

Fjórir starfsmenn Samtaka iðnaðarins hlutu á liðnu ári vottun *Comparison International* og eru því fullgildir ráðgjafar við notkun greiningartækisins *Microscope*. SI hafa um árabíl í samstarfi við *Impru - Nýsköpunarmiðstöð Íslands* staðið fyrir innleiðingu og notkun hagnýtra samanburðaviðmiða. Fjöldi fyrirtækja í iðnaði og þjónustu hefur nýtt þessar aðferðir í tengslum við stefnumótunarstarf sitt á undanföllum árum.

„Microscope“ er greiningartæki og

gagnagrunnur til að meta innviði og árangur fyrirtækja og skoða stöðu fyrirtækisins í samanburði við hóp framsækinn fyrirtækja í viðkomandi starfsgrein samkvæmt alþjóðlegum metnaðarfullum viðmiðum í nútímarekstri.

Tilgangur SI með innleiðingu *Microscope* greiningartækisins er að tryggja aðildarfyrirtækjum sínum aðgang að öflugri greiningartæki fyrir framsækin fyrirtæki sem nýtist þeim í stefnumótun og umbótastarfi.

Starfsmannastjórar í eldlínu

Uppsagnir starfsmanna eru eitt erfiðasta verkefni stjórnenda. Það er ávinningur fyrirtækja ekki síður en einstaklinga að vel sé staðið að uppsagnarferlinu. Hvaða reglur ber að hafa í heiðri og hvað ber að varast var meginefni fundar á vegum Samtaka iðnaðarins fyrir starfsmannastjóra fyrirtækja í iðnaði í maí. Með erindi á fundinum voru Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent við Viðskiptadeild HÍ, Ingi Bogi Bogason hjá SI, Ylfa Edith Jakobsdóttir starfsmannastjóri Marels og Anna María Pétursdóttir starfsmannastjóri Vífilfells.

Annar fundur meðal starfsmannastjóra var haldinn í október þar sem hræringar í starfsmannamálum voru

ræddar. Á fundinum var m.a. rætt að fyrirtæki reyndu að segja eins fáum upp og kostur er. Lausn á atvinnuleysi felist í nýsköpun. Meiri eftirspurn en framboð sé eftir hlutastörfum og fyrirtæki gætu reynt að bjóða fleiri hlutastörf en færri full störf.

Þriðji fundur starfsmannastjóra var haldinn um mánuði síðar og fjallaði um hlutverk mannauðsstjóra á óvissutímum. Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur ræddi um mikilvægi hvatningar og Hildur Elín Vignir framkvæmdastjóri IÐUNNAR fræðsluseturs um hvernig hægt er að rækta mannauð við þessar aðstæður.

SHS og SHU

Tvenn ný samtök, Samtök heilsuræktarstöðva - SHS og Samtök hljóðvera og upptökustjóra - SHU, voru sett á stofn í janúar. Bæði samtökin munu starfa sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins.

Hugmyndir að stofnun Samtaka heilsuræktarstöðva hafa verið uppi um nokkurt skeið og mikill vilji til að efla samstarf fyrirtækja í greininni að framfaramálum. Með aukinni umræðu og áherslu á heilsurækt í þjóðfélaginu hefur fyrirtækjum í þessari grein fjölgað ört og eflst á undanföllum árum. Lauslega áætlað starfa nú 40 til 50 fyrirtæki í greininni.

Formaður SHS var kosinn Ágústa Johnson hjá Hreyfingu. Meðstjórnandi til tveggja ára er Sævar Pétursson, Iceland Spa and Fitness og meðstjórnandi til eins árs er Björn Leifsson, þrek ehf/World Class. Varamenn voru kosnir Linda B. Hilmarisdóttir hjá Hress og Ragnheiður Birgisdóttir, Nordica Spa.

Fyrirtæki sem reka hljóðver og sinna upptökustjórn fylla nú á þriðja tug. Í september 2007 stóðu Útflutningsráð, ÚTÓN og SI fyrir tveggja daga stefnumótunarfundi með eigendum og starfsmönnum hljóðvera á Íslandi. Markmið fundarins var að velja upp hugsanlegum samstarfsverkefnum hljóðvera á Íslandi við markaðssókn þeirra erlendis. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að stofna Samtök hljóðvera og upptökustjóra.

Á fundinum var kosin þriggja manna stjórn og tveir varamenn. Formaður var kosinn Páll Ólafsson hjá Sýrlandi ehf. Meðstjórnandi til tveggja ára Ásgeir Guðmundsson, Tankinum og meðstjórnandi til eins árs Barði Jóhannsson hjá Bang ehf. Varamenn voru kosnir Valgeir Sigurðsson, Greenhouse Studios og Birgir Jón Birgisson hjá Sundlauginni/Spons sf.



NÚNA er tækifærið

Yfir 1000 manns á fundi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja

Rúmlega eitt þúsund manns komu saman á fjölda fundi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja – **NÚNA er tækifærið** - á Hótel Nordica í nóvember. Fundurinn var hugsaður sem samtalsvettvangur fyrirtækja og stjórnvalda og hvatningarfundur fyrir starfsmenn fyrirtækjanna með það að markmiði að auka sjálfstraust og sóknarhug. Á fundinum kynntu fjölmörg fyrirtæki starfsemi sína, góðan árangur af þróunar- og markaðsstarfi og tilboð um rúmlega 200 ný störf að því gefnu að tiltekin starfskilyrði og stoðir til nýsköpunar væru fyrir hendi. Fulltrúar nokkurra fyrirtækja tóku til máls, auk þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra og Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra. Valgeir Guðjónsson, tónlistarmaður og DJ Margeir stóðu



fyrir fjöldagjöfningi á fundinum þar sem fundarmenn bjuggu til hringitón til stuðnings málefnum. Þá hélt Björk Guðmundsdóttir, tónlistarmaður hvatningaráæðu. Fundarstjórar voru Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr og Svafa Grönfeldt rektor við HR.

Í ályktun sem rædd var á fundinum og lögð fyrir stjórnvöld var m.a. lagt til að samið yrði tímabundið við Atvinnuleysistryggingasjóð um að greiða tiltekinn hluta launa starfsmanna sem ráðnir eru til fyrirtækjanna eftir að hafa misst vinnu í tengslum við fjármálakreppuna.

Að fundinum stóðu Samtök iðnaðarins, Samtök líftæknifyrirtækja, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök upplýsingafyrirtækja og Háskólinn í Reykjavík.



Fjöreggið 2008

Fjöreggið var afhent í 16. sinn á matvæladeginum í október. Fyrirtækið Ávaxtabíllinn hlaut þau að þessu sinni. Verðlaunin eru veitt fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Samtök iðnaðarins eru bakhjarlar Fjöreggsins og gefa verðlaunagripinn.



Mentor hlýtur Vaxtarsprotann



Fyrirtækið Mentor ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2008 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Mentor jók veltu sína milli árána 2006 og 2007 um 48,6%, sem var mesti vöxtur sprotafyrirtækis á síðasta ári sem uppfyllir viðmið dómnefndar. Jafnframt hlutu fyrirtækin Betware, Valka og Kine viðurkenningu fyrir góðan vöxt á síðasta ári.

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í

Reykjavík. Tilgangurinn með veitingu hans er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra veitti Vilborgu Einarssdóttur framkvæmdastjóra og stofnanda Mentor Vaxtarsprotann 2008 að viðstöddum fulltrúum sprotafyrirtækja og stuðningsaðila atvinnulífsins í Grasagarðinum Laugardal við hátíðlega athöfn.

Fjallað um markaðsmál í líftækni

Samtök íslenskra líftækniyrirtækja – SÍL – stóðu fyrir málstofu um markaðsmál í líftækni í mars. Þar komu saman gamalreyndir reynsluboltar og nýgræðingar og deildu reynslu sinni. Fram komu nokkrir vel valdir framsögumenn, Bernharð Pálsson prófessor við Kaliforníuháskólann í San Diego, Hilmar Janusson framkvæmdastjóri rannsókn- og þróunarviðs Össurar, Jakob H. Kristjánsson stjórnarformaður Prokatín, Björn Örvar framkvæmdastjóri Orf líftækni, Jóhannes Gíslason framkvæmdastjóri Genís og Sigurbjörn Einarsson rannsókn- og þróunarstjóri Bláa Lónsins.

Markmið málstofunnar var að auka þekkingu og skilning á markaðsmálum

fyrir líftækni. Í máli Bernharðs sem stundar rannsóknir á sviði kerfislíffræði kom meðal annars fram að rannsóknir eru auðveldar en hins vegar sé þróun erfið. Um átta ár taki að koma fyrirtæki á legg og líta verði á fjárfestingar af þessu tagi sem 10 ára ferli. Hilmar fjallaði um hvernig samstarf sprotafyrirtækja og stórra alþjóðlegra fyrirtækja getur verið arðsamlegt fyrir báða aðila þar sem stóru fyrirtækin geta lagt fram aðgang að markaði en sprotafyrirtækin einstaka þekkingu eða færni.

Ljóst er að talsverð þekking er orðin til á þessu sviði og ekki annað að sjá en að horfur séu góðar fyrir líftækniyrirtæki í framtíðinni.

Starfsmenntasjóður verkstjóra

Gengið var frá samkomulagi um Starfsmenntasjóð verkstjóra í júlí. Með því var mótuð sameiginleg stefna Samtaka atvinnulífsins og Verkstjórasambands Íslands um grunn- og eftirmenntun verkstjóra. Jafnframt var ákveðið í kjarasamningi að 0,30% af heildarlaunum verkstjóra yrðu framvegis greidd í sjóðinn. Sjóðurinn styrkir námsefnisgerð og námskeiðshald sem ekki er í boði en þörf er á. Jafnframt leitar sjóðurinn eftir samstarfi við stjórnvöld sem bera ábyrgð á fræðslu- og menntunarmálum og öðrum þeim sem bjóða fram nám sem getur komið að haldi við fræðslu verkstjóra.

HJÁLPARSNÚÐURINN - LÁTUM GOTT AF OKKUR LEIÐA -



Landssamband bakameistara og ABC barnahjálpar taka höndum saman um að styrkja börn í Pakistan. ABC barnahjálpar rekur átta skóla í landinu en hefur ekki nægilegt fjármagn til að kosta máltíðir í þeim öllum. Fimmtán krónur af andvirði hvers hjálparsnúðs, renna til ABC barnahjálpar en sú upphæð nægir til að kosta daglega skólamáltíð handa einu barni.



LABAK styrkir börn í Pakistan

Landssamband bakameistara stóð fyrir söluátaki á „Hjálparsnúðnum“ í mars til styrktar ABC barnahjálpar. Alls söfnuðust tæp 900 þúsund krónur sem runnu til hjálpar börnum í Pakistan.

Fimmtán krónur af andvirði hvers hjálparsnúðs runnu til ABC barnahjálpar en sú upphæð nægir til að kosta daglega skólamáltíð handa einu barni.

Á síðustu tveimur og hálfu ári hefur ABC barnahjálpar byggt fjóra skóla í Pakistan og komið á fót fjórum öðrum í leiguhúsnæði. Samtals eru í þessum átta skólum um 1800 börn. Skólarnir voru settir af stað í þeirri trú að stuðningsaðilar styðji við framtíð og hugmyndin að baki snúðaverkefninu var að finna leið til að hægt væri að gefa börnunum að borða í skólunum.

Starfsnám til jafns við bóknám

Ný lög um framhaldsskóla tóku gildi á árinu. Lögin byggja að stórum hluta á niðurstöðum svonefndrar starfsnámsnefndar sem Samtök iðnaðarins áttu sæti í.

Lögin boða veigamiklar breytingar á skipulagi náms sem eiga að verða til bóta fyrir iðn- og starfsnám. Sveigjanleiki í námi á framhaldsskólastigi er aukinn, iðn- og verknám fær jafna stöðu við annað nám. Námsleiðum mun fjölga, reglum um viðurkenningu á raunfærni er breytt og sköpuð eru skilyrði fyrir því að fleiri ljúki skilgreindu námi. Blindgötum í námi er fækkað og

tengsl við önnur skólastig auðvelduð.

Starfsgreinaráð munu áfram gegna lykilhlutverki í tilurð nýrra námskráa. Skólar fá hins vegar aukna ábyrgð. Þeim gefst kostur á að gera tillögur að nýjum námsbrautarlýsingum sem starfsgreinaráð veita umsögn um til ráðherra. Skólar skulu bera ábyrgð á gerð starfsþjálfunarsamninga um vinnustaðanáms og fela fyrirtækjum eða öðrum hæfum aðilum að veita nemendum tilskilda þjálfun. Framundan er reglugerðarsmíði í anda laganna.

Ísland – Evrópusambandið – Evran

Starfsgreinasamband Íslands og Samtök iðnaðarins efndu til ráðstefnu um mögulega aðild Íslands að ESB og upptöku evru í október.

Á ráðstefnunni fjallaði Daniel Valtakari frá *Industri anstállða i Norden* um hvaða áhrif aðild Finnlands að Evrópusambandinu og upptaka evru hefur haft á iðnfyrirtæki og starfsfólk þeirra á síðustu árum. Aðalsteinn Leifsson, lektor og forstöðumaður MBA náms í Háskólanum í Reykjavík, fjallaði um hvað myndi raunverulega breytast við

aðild að Evrópusambandinu í ljósi þess hve langt við erum í raun komin í Evrópusamrunanum og Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, um áhrif upptöku evru á launafólk á Íslandi. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins ávarpaði fundinn en Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI var fundarstjóri.



Nýtt kennimerki Samtaka iðnaðarins

Ásýnd Samtaka iðnaðarins tók nokkrum breytingum á árinu. Nýtt lógó var tekið í notkun og útlit kynningarefnis og gagna á borð við auglýsingar, glærur, bæklinga og fréttablaðið Íslenskur iðnaður hafa fengið samræmt útlit. Þetta er hluti af viðleitni SI til að styrkja ímynd sína sem öflug heildarsamtök í iðnaði.



Samstarfssamningur um hátækni- og sprotavettvang undirritaður

Í október var undirritaður samstarfssamningur iðnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, Samtaka sprotafyrirtækja, Samtaka íslenskra líftækni-fyrirtækja, Samtaka upplýsingatækni-fyrirtækja og Samtaka iðnaðarins um hátækni- og sprotavettvang sem miðar að því að efla uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi. Að þremur árum liðnum verður árangur af starfseminni metinn og ákvörðun tekin um framhald.

SI og iðnaðarráðuneytið leggja hvort til þrjár og hálfa milljón á ári til vettvangsins.

Stjórnarkjör

SI

Stjórnarkjör fór fram að venju í tengslum við Iðning í mars. Kosningabátttaka var góð eða um 75%.


Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtakanna.

Enginn hvarf úr stjórn vegna sex ára reglu um stjórnarsetu og er stjórnin óbreytt frá fyrra ári.

Þau þrjú sem komu næst að atkvæðatölu eru kjörin til setu í ráðgjafaráði SI til eins árs og eru jafnframt varamenn í stjórn Samtakanna. Það eru Anna María Pétursdóttir Vífilfell hf., Bolli Árnason GT Tækni ehf. og Sveinbjörn Hjálmarsson Umslag ehf.

Atvinnuástand endurspeglar stöðu atvinnulífsins

Fjöldi atvinnulausra 2008



Heimild: Vinnumálastofnun

Ástandið á vinnumarkaði endurspeglar vel hvernig ástandið er hjá fyrirtækjum á hverjum tíma. Síðustu ár hafa einkennt af miklum skorti á hæfu starfsfólki og launaskriði í mörgum atvinnugreinum. Þessi þróun hefur ýtt undir verðbólgu enda skýrast hækkunir vegna spennu á vinnumarkaði ekki af aukinni framleiðni og verðmætasköpun. Afleiðingin er sú að kaupmáttur óx í litlu samhengi við hækkun launa. Atvinnuleysi síðustu ár hefur verið afar lítið eða ríflega 1%. Það atvinnuleysisstig er talsvert undir því sem stundum er kallað náttúrulegt atvinnuleysi og samrýmist jafnvægi í þjóðarþúskapnum.

Árið 2008 einkenndist hins vegar af miklum umskiptum í efnahagslífinu. Fasteignamarkaðurinn fraus, gengi krónunnar féll og bankakerfið lagðist á hliðina í október. Óhætt er að fullyrða að hagkerfið, sem virtist framan af árinu vera á leið í mildan samdrátt, er fallið í djúpa niðursveiflu.

Augljósasta birtingarmynd þess er stóraukið atvinnuleysi. Frá upphafi til loka ársins 2008 ríflega fimmfaldaðist fjöldi atvinnulausra og voru þeir um

10.000. Flest bendir til að fyrstu mánuði ársins 2009 muni það aukast nokkuð þegar uppsagnir undir lok ársins 2008 taka gildi.

Þegar kreppir að í efnahagslífinu standa þeir sem hafa minnstu menntunina jafnan verst að vígi. Ríflega helmingur þeirra 10.000 sem voru atvinnulausir í árslok voru aðeins með grunnskólapróf á meðan 12% atvinnulausra var með háskólapróf. Svipað hlutfall þeirra sem voru atvinnulausir í árslok eru með iðnmenntun en hins vegar veur það nokkrar áhyggjur að hlutfallslega mest fjölgun atvinnulausra hefur verið í þeim hópi.

Ef atvinnuleysið er brotið niður eftir þeim atvinnugreinum sem fólk kemur úr sést að langstærsti hluti þeirra kemur úr mannvirkjagerð eða um 19%. Næst hæsta hlutfallið er í verslun um 15% og iðnaði 10%. Þessar tölur gefa þó ekki til kynna að atvinnuleysi sé miklu meira í þessum greinum þar sem þetta eru afar fjölmennar greinar. Þó er ljóst að ástandið í mannvirkjagerð er afar erfitt.

Ályktun Iðþings

Öll iðnfyrirtæki þarfnast sama grundvallar til að vaxa, dafna og skila eigendum sínum og samfélaginu arði. Stöðugleiki verður að ríkja í efnahagslífinu, vöxtur að vera jafn og öruggur og starfsskilyrði, sem eru í valdi stjórnvalda, eins hagfelld og kostur er. Undanfarin ár hafa Íslenskur iðnaður og atvinnulíf tekið stakkaskiptum. Vöxtur hefur verið mikill og alþjóðavæðing atvinnulífsins verið hröð.

Þó að vel hafi gengið er langt í frá að tekist hafi að tryggja stöðugleika. Ekki þarf að fjölyrða um sveiflur í gengi krónunnar, óbærilega háa vexti, verðbólgu og viðskiptahalla. Verkefnið er síður en svo auðvelt og engar skyndilausnir tiltækar. Þess vegna er nauðsynlegt að marka stefnu til langs tíma og fækka áhættuþáttum. Búa þarf efnahagsstjórninni trúverðuga umgjörð og skapa henni nauðsynlegt aðhald. Reynslan sýnir að núverandi kerfi dugar okkur ekki og er á ýmsan hátt til trafala.

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl beitt sér fyrir faglegri og málefnalegri umræðu um Evrópumálin. Í ályktun Iðþings fyrir ári var lögð áhersla á að Íslendingar kæmst að niðurstöðu varðandi afstöðu til Evrópusambandsins á þessu kjörtímabili. Staða efnahagsmála hefur leitt til þess að innganga í Evrópusambandið og upptaka evru eru til meiri og alvarlegri umræðu í íslensku atvinnulífi en áður hefur verið. Flestir eru nú sammála um að einhliða upptaka evru komi ekki til greina og því sé ekki um aðra kosti að ræða en að ganga í Evrópusambandið eða halda óbreyttu fyrirkomulagi.

Samtök iðnaðarins skora á ríkisstjórnina að taka aðild Íslands að ESB á dagskrá og fela hinni nýju Evrópunefnd sinni það hlutverk að móta samningsmarkmið, fara í saumana á samningaferlinu, færa rök fyrir þeim sjónarmiðum sem við þurfum að halda á lofti vegna sérstöðu okkar og hefjast þegar handa við að finna lausnir sem við getum unað við. Því betur undirbúin sem við göngum til þessa verks þeim mun betur mun okkur farnast.

Iðþing 2008

Ísland og Evrópa Mótum eigin framtíð



Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með umfjöllunarefni Iðþings 2008, Evrópumálin. Þjóðfélagsumræða um Evrópumálin var mjög vaxandi mánuðina fyrir Iðþing og náði miklum hæðum í marsmánuði sem að stórum hluta má þakka athyglinni sem Iðþingið vakti og skilaði sér í mikilli fjölmiðlaumfjöllun. Með erindi á þinginu voru Helgi Magnússon formaður SI, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, alþingismennirnir Illugi Gunnarsson og Valgerður Sverrisdóttir, Jón Karl Ólafsson formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Sigrún Davíðsdóttir blaðamaður og Hörður Arnarson forstjóri Marel Food Systems hf.

Iðþingið var vel sótt, umgjörðin nýstárleg og með glæsilegasta móti. Tveir gamalreyndir fjölmiðlamenn stýrðu þinginu af mikilli röggsemi, þau Árni Snævarr og Erna Indriðadóttir.

Rit og stuttmynd um Evrópumálin

Á Iðþingi var lagt fram ritið **Ísland og Evrópa – Mótum eigin framtíð**. Í ritinu er fjallað um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru í stað íslensku krónunnar.

Fjallað er um fjölmarga þætti málsins og leitað til innlendra og erlendra sérfræðinga. Auk þess voru sýnd á þinginu fjögur myndskíð: *fólkið, fullveldið, fyrirtækin og framtíðin* úr stuttmyndinni **Ef** sem einnig var gerð í tengslum við Iðþing. Árni Snævarr hafði umsjón með gerð rits og kvikmyndar. Hvort tveggja er hægt að nálgast á skrifstofu SI.



Frumtak nýr fjárfestingasjóður

Í upphafi ársfundar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sem haldinn var í maí tilkynnti Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, að náðst hefði samkomulag um stofnun Frumtaks, samlagssjóðs stóru bankanna þriggja, stærstu lífeyrissjóða landsins og Nýsköpunarsjóðs. Frumtak myndi hafa a.m.k. 4,6 milljarða króna á næstu árum til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem þykja vænleg til vaxtar og útrásar.

Sérstakt 1,5 milljarða króna framlag til Nýsköpunarsjóðs af tekjum ríkissjóðs vegna sölu Símans er stofninn í Frumtaki. Glitnir, Kaupþing banki og Landsbanki ætluðu að leggja fram 1,5 milljarð króna og sex af stærstu lífeyrissjóðum landsins 1,6 milljarð króna.

Í kjölfarið var Eggert Claessen, formaður SUT ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins.

Við hrun bankanna í október kom hins vegar upp sú staða að ekki var ljóst hvort nýju bankarnir ættu að taka yfir skuldbindingar gömlu bankanna



varðandi sjóðinn. Í lok árs skýrðust málin og gengið var frá öllum skuldbindingum. Sjóðurinn er þó heldur minni en upphaflega var gert ráð fyrir, eða fjórir milljarðar króna í stað 4,6milljarða. Markmið Frumtaks er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun til fjárfesta. Frumtaki er ætlað að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru komin af klakstigi og er áskilið að fyrir liggi ítarlegar viðskiptaáætlanir.

Frumtaki er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna útrásar eða markaðssóknar íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði, ekki síst þegar möguleiki er á samningu eða samruna við fyrirtæki í eigu Frumtaks.



Vinnustaðakennslustyrkir SI afhentir í fyrsta sinn

Samtök iðnaðarins ákváðu 2007 að veita árlega 10 milljónum króna til vinnustaðakennslu í fyrirtækjum, sérstaklega í þeim greinum sem erfið er að fá nema eða taka við nemum. Áherslur í styrkveitingu eru mismunandi en að þessu sinni var ákveðið að hvetja fyrirtæki í prentiðnaði og kjötiðni til að sækja um. Sex fyrirtæki hlutu styrki sem nema rúmlega fjórum milljónum króna. Norðlensku kjötiðnaðarfyrirtækin Norðlenska og Kjarnafæði og prentfyrirtækin Landsprent, ODDI, Gutenberg og Árvakur.

Styrkjunum er ætlað að koma til móts við kostnað fyrirtækja af vinnustaðakennslu en ekki greiða hann að fullu. SI hvetja stjórnvöld til að leggja a.m.k. sambærilega fjárhæð til verkefnisins enda bera þau ábyrgð á iðn- og starfsmámi.



Lengi býr að fyrstu gerð

Samtök iðnaðarins ásamt Háskólanum á Akureyri gáfu í september út rit um nýliðun sem nefnist *Lengi býr að fyrstu gerð*. Um er að ræða vefrit og er notkun þess frjálss og án endurgjalds. Vefslóðin er: www.si.is/thalfun.

Höfuðmarkmið ritsins eru að sýna hve mikilvægt er að taka vel á móti nýju starfsfólki, kynna mikilvægi mannauðsstjórnunar og gefa innsýn í hvernig sum íslensk fyrirtæki standa að nýliðun og stjórnun starfsfólks.

Ingi Bogi Bogason, forstöðumaður mennta- og mannauðsmála, og Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor í stjórnun við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri eru höfundar ritsins.



Ráðstefna um gæðastjórnun í mannvirkjagerð

Samtök iðnaðarins, Viðskiptablaðið, Reykjavíkurborg og Háskólinn á Bifröst stóðu fyrir morgunverðarfundi um gæðastjórnun í mannvirkjagerð í húsnæði Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar 25. september sl.

Á fundinum kom fram að milljarðar gætu sparast á verkum ríkis og sveitarfélaga í mannvirkjagerð yrði gæðastjórnun innleidd meðal verktaka og verkkaupa.

Guðjóna Björk Sigurðardóttir, viðskiptafræðingur og verkefnastjóri framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar, sagði brýna þörf á breyttu viðhorfi til gæðastjórnunar. Hún greindi frá niðurstöðum rannsóknar í lokaritgerð sinni við Háskólann á Bifröst. Þar kemur fram að árlega fari milljarðar í súginn í mannvirkjagerð vegna skorts á gæðastjórnun. Um 10-30% af hagnaði fyrirtækja fari í endurvinnu innan fyrirtækja og í mannvirkjagerð almennt. Menn virðist ekki gera sér grein fyrir tapinu.

Ferdinand Hansen verkefnastjóri hjá SI sagði reynslu Samtakanna að verulega skorti á að stjórnendur fyrirtækja tækju málið alvarlega. Fjöldi sérfræðinga væri til um málefnið, en notendur afar fáir. Menn tali um gæðastjórnun, en geri ekkert í málunum.


Íslenskir aðalverktakar vinna nú að því að innleiða ISO 9001 gæðastaðalinn. Eyjólfur Bjarnason gæðastjóri fyrirtækisins sagði það meðvitaða stefnu. Sóst væri eftir bættri stjórnun á öllum sviðum sem hefði í för með sér aukinn hagnað.

Ungt fólk laðað að iðn- og starfsnámi

Samtök iðnaðarins beita sér með ýmsum hætti til að laða ungt fólk að iðn- og starfsnámi.

Á árinu lögðu Samtökin inn hugmyndir í starf nefndar á vegum Reykjavíkurborgar sem skilar fljótlega tillögum um aðgerðir til að kynna iðn- og starfsnám með nýstárlegum hætti. Vefurinn „Nám og störf“, upplýsingavefur um nám og störf í iðnaði, er rekinn af IÐUNNI fræðslusetri. Ungt fólk og námsráðgjafar nota vefinn. Félag blikksmiðjueigenda gaf út kynningardisk um nám og störf í blikksmiði. Efni hans hefur verið kynnt starfs- og námsráðgjöfum og mun hann verða notaður í kynningum í skólum landsins.

Þá hófu SI kynningarátakið *Iðnnám – nema hvað!* sem beint er til grunnskólanemenda og foreldra þeirra með upplýsingum í blöðum og strætóskýlum og kynningarbaklingi sem sendur var til allra 10. bekkinga í landinu.



Neyðarfundir atvinnulífsins

Októbermánuður verður lengi í minnum hafður. Sjötta þess mánaðar ávarpaði forsætisráðherra þjóðina og staðfesti hrun bankanna og þar með brast endanlega sú von að okkur tækist að afstýra efnahagslegu strandi. Við þessu brugðust samtök atvinnurekenda strax. Til þess að átta sig á vandanum og reyna að bregðast við var ákveðið að efna til víðtæks samráðs og upplýsingaskipta milli samtaka launþega og atvinnurekenda. Fyrsti fundurinn í langri röð krísufunda af þessu tagi var haldinn strax þann 8. október og urðu þeir alls tuttugu fram að áramótum.

SI tóku virkan þátt í þessu starfi en verkstjórn og samhæfing hvíldi á Vilhjálmí Egißsyni, framkvæmdastjóra SA. Fundina sóttu að jafnaði 20 - 30 manns frá öllum samtökum atvinnurekenda og ASÍ. Auk þess sátu fundina þingmenn frá báðum stjórnarflokkunum og fulltrúar ráðherra. Þá voru margvíslegir gestir kallaðir fyrir, s.s. bankastjórar, fulltrúar Seðlabankans, fulltrúar sveitarfélaga, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, verkstjórar neyðarstarfs ríkis-

stjórnarinnar o.fl.

Fundirnir voru mjög gagnlegir og reyndust drjúgir til að koma sjónarmiðum og upplýsingum milliliðalaust á milli stjórnvalda og atvinnulífs og hjálpa til við að taka á ýmsum bráðavanda í upphafi.

Kennsla hefst í RES orkuskóla

Kennsla í RES orkuskóla hófst þegar hann var formlega settur í fyrsta sinn 9. febrúar. SI styrktu skólann við það tækifæri til kaupa á tölubúnaði. Skólinn er afrakstur fjögurra ára undirbúningsferlis og verður alþjóðleg einkarekin mennta- og vísindastofnun á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Nemendur voru alls 31 frá tíu löndum og munu ljúka meistaranámi í vistvænni orkunýtingu.

Gæðastjórnun í mannvirkjagerð



Árangur af átaki Samtaka iðnaðarins við innleiðingu gæðastjórnunar í mannvirkjagerð hefur verið í samræmi við árangur síðustu ára. Meðal annars hafa Samtökin og Vegagerðin tekið höndum saman um verkefni sem felst í samræmdri ráðgjöf til verktaka og eftirlitsaðila í öllum umdæmum Vegagerðarinnar. Samtökin hafa staðið fyrir kynningum og vinnustaðafundum um gæðastjórnun og tóku m.a. þátt í ráðstefnu með Reykjavíkurborg um stöðu gæðastjórnunar við mannvirkjagerð og ástæður hægagangs við innleiðingu.

Vottanir

Trésmiðjan Akur og Myllan hafa bæst í hóp þeirra sem fengið hafa D-vottun í áfangaskiptri gæðavottun SI og GT tækni varð fyrsta fyrirtækið til fá C-vottun. Hlaðbær Colas varð fyrsta jarðverktakafyrirtækið á Íslandi til að ná þeim merka áfanga að fá rekstur sinn vottaðan samkvæmt staðlinum ISO 9001:2000. Vitað er um nokkur önnur sem eru á þröskuldinum og ná væntanlega markmiðinu á næsta ári.

CE merkingar á byggingarvörum

Hópur byggingarvöruframleiðenda stóð

fyrir stefnumótunarfundi snemma á árinu sem leiddi til nokkurra umbóta-verkefna. Byggingarvöruframleiðendur standa í auknum mæli frammi fyrir því að þurfa að uppfylla skilyrði um CE merkingar. Gler, einangrun og fylliefni í steypu eru meðal þeirra byggingavara sem nú þegar eiga að vera CE merktar og um næstu áramót tekur gildi krafa um CE merkingu á gluggum og hurðum. Nokkrir framleiðendur er komnir vel á veg með að uppfylla kröfurnar en ástæða er til að hafa áhyggjur af öðrum sem ekkert eru farnir að huga að sínum málum því allt eins má búast við að Neytendastofa efli eftirlitið með byggingavörum á markaði.

Grunnur lagður að gæðastjórnun

Að ósk menntamálaráðuneytisins og í samvinnu við fagráð byggingargreina og félags fagkennara í byggingargreinum hefur verið unnið að markvissri útfærslu og framsetningu á námi í gæðastjórnun við verkmennta- og meistaraskóla. Samtökin telja að ef vel tekst til með menntun á þessum stigum muni það auðvelda gæðastarf SI og leiða til betri árangurs þegar til lengri tíma er litið.

BUSINESSEUROPE

Aðgerðir Breta gegn Íslendingum harðlega gagnrýndar

Ýkt viðbrögð breskra stjórnvalda gegn Íslandi voru harðlega gagnrýnd á fundi framkvæmdastjóra BUSINESSEUROPE í Brussel sem Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI sat. Þar útskýrði hann hvernig yfirlýsingar Gordon Brown forsætisráðherra og Alistair Darling fjármálaráðherra hefðu gert slæma stöðu enn verri.

Notkun hryðjuverkalaga gegn Íslandi, staðhæfingar um að landið væri gjaldþrota ásamt yfirlýsingum um að Ísland myndi ekki standa við skuldbindingar sínar erlendis, hefðu haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslensk fyrirtæki og efnahag landsins í heild. Í stað þess að beina spjótum sínum gegn Icesave og Landsbankanum hefðu ráðherrarnir beint aðgerðum sínum gegn heilli þjóð og efnahag hennar.

Fundarmenn voru sammála um að vara við því að ríkisstjórnir einstakra ríkja gangi of langt í viðbrögðum hver gegn annarri til þess að verja eigin hag. Það leiddi einungis til frekari vandræða að grípa til einhliða aðgerða.

BUSINESSEUROPE eru heildarsamtök 40 samtaka iðn- og atvinnurekenda í Evrópu. Frá stofnun þeirra í kjölfar Rómarsáttmálans árið 1958 hafa þau eftt samstöðu sín á milli og talað máli iðn- og atvinnurekenda fyrir stofnunum Evrópusambandsins. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins eru félagar í BUSINESS-EUROPE.

Menntadagur iðnaðarins

Samtök iðnaðarins halda árlega Menntadag iðnaðarins og efna þá til ráðstefnu um mál sem varða menntun og uppbyggingu mannauðs í iðnaði. Á síðasta ári var spurt um framboð námsefnis í iðn- og starfsgreinum og hvernig unnt sé að auka fjölbreytni og framboð á námsefni tengdu iðnaði. Ráðstefnan var vel sótt en rúmlega 100 manns hlýddu á erindi framsögumanna.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, ávarpaði ráðstefnuna. Auk hennar fluttu erindi Hrafnkell Marinósson, formaður Félags fagkennara í tré- og byggingagreinum, Ingi Bogi Bogason, forstöðumaður menntamála hjá Samtökum iðnaðarins, Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu og Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri IÐNÚ. Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, flutti ávarp og stjórnaði fundinum.

Rauði þráðurinn í fyrirlestrum og umræðum í sal var sá að fyrirkomulag námsefnisgerðar í iðn- og starfsgreinum er í nokkrum ólestri og enginn sem axlar fulla ábyrgð á henni. Allir sem tóku til máls virðast hafa fullan hug og vilja til að auka framboð og gæði



námsefnis og vonandi verður fundurinn til þess að gert verði samstillt átak til að koma námsefnisgerð í iðn- og starfsnámi á réttan kjöl.

Kraum hlýtur Njarðarskjöldinn

Verslunin Kraum sem sérhæfir sig í sölu íslenskrar hönnunarvöru hlaut Njarðarskjöldinn sem veittur var í nóvember.

Njarðarskjöldinum er ætlað að hvetja til aukinnar og bættrar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík. Kraum er rekin í elsta húsi Reykjavíkur að Aðalstræti 10 sem kennt er við Skúla fógeta og býður upp á vörur frá um 90 íslensk-



um hönnuðum. SI er hluthafi í versluninni sem hefur verið starfandi í eitt og hálf ár.



Klæðskera- og kjólameistarafélagið fagnaði 65 ára afmæli á árinu. Félagið bauð í hátíðarkaffi og hélt glæsilega sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur.



Styrkir til rannsókna á sviði Evrópufræða



Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins veittu tveimur meistaranemum styrki til rannsókna á sviði Evrópufræða. Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI afhenti styrkina.

Styrkþegar voru Anna Margrét Eggertsdóttir meistaranemi í alþjóðasamskiptum fyrir verkefnið *Samninganet Íslands og ESB með hliðsjón af mögulegri aðild Íslands að ESB* og Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir meistaranemi í opinberri stjórnsýslu fyrir verkefnið *Áhrif orkustefnu Evrópusambandsins á*

hina íslensku orkustefnu. Ólafía Dögg var stödd erlendis og tók eiginmaður hennar, Bogi Guðmundsson, við styrknum fyrir hennar hönd.

Við úthlutun styrksins er horft til fræðilegs og hagnýts gildis verkefnisins, skýrleika rannsóknaráætlunarinnar og greinargerð um það hvernig verkefnið muni nýtast íslensku atvinnulífi og samfélagi. Styrkirnir veita þannig nemendum tækifæri til að tengja rannsóknarverkefni sín atvinnulífinu þannig að báðir aðilar hagnist.

Hugmyndabanki stofnaður

Í kjölfar bankahrunsins setti ríkisstjórnin á fót vinnuhópa til þess að glíma við ýmis verkefni, bæði þau sem leysa varð án tafar og önnur sem mikilvægt er að sinna til að reisa efnahagslífið við og gera það starfhæft til langs tíma. Einn þessara hópa var vinnuhópur um atvinnusköpun. Hann hafði það hlutverk að setja saman tillögur til að efla atvinnulíf, skapa ný störf, standa vörð um íslensk fyrirtæki í rekstri og skapa útflutningstekjur. Í veganesti var svo að tillögurnar mættu helst ekki kosta neitt.

Í tengslum við þetta starf settu SI saman sínar eigin hugmyndir um margvísleg verkefni og forsendur þeirra í stuttri skýrslu undir heitinu: *Atvinnulífið - hugmyndabanki um leiðir fram á við*. Þær hugmyndir eru ekki einskorðaðar við iðnað. Sumt af því sem þar er lagt til hefur komið til framkvæmda, annað er í bígerð og enn annað fær sjálfsgagt aldrei hljómgrunn. Hugmyndabankinn verður rekinn áfram, sumt verður afskrifað, annað tekið út og áhersla lögð á að nýjar og ferskar hugmyndir verði lagðar inn.

Grunndeildir málmíðna sem víðast



Í málmíðnaðinum hefur ávallt verið lögð áhersla á að sem flestir framhaldsskólar bjóði kennslu í grunndeildum málmíðna sem eru fjórar annir. Með því móti er nemendum, sem koma úr grunnskólum, gert auðveldara að reyna þessa leið til náms.

Mikillar óánægju gætti því innan málmis- og véltæknigreinanna þegar málmdeildir voru lagðar niður í fjölmennum hverfum Reykjavíkur, í Breiðholtinu og hjá Iðnskólanum. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa því fullyrða má að mun færri hafa farið af þessum sökum í þetta iðnnám en ef grunnnámið hefði áfram verið í boði í þessum hverfum.

Eftir mikinn þrýsting frá SI og MÁLMI hefur verið ákveðið að taka upp þráðinn í hinum nýja Tækniskóla og setja aftur á stofn grunndeild málmíðna og bjóða ungu fólki upp á þetta áhugaverða nám. Ekki ætti að spilla fyrir þeim nemendum sem nýta sér námið að geta sagt að þau séu að fara beint úr grunnskóla í Tækniskólann. Eflaust hljómar það betur í eyrum margra þeirra sem hafa löngum talið það til marks um lítinn metnað að fara í iðnnám. Sem betur fer er þessi hugsun á undanhaldi enda æ fleirum ljóst að ef þessi þjóð ætlar að byggja framtíð sína á tæknifyrirtækjum og framleiðslu þeirra þá þarf að læra til þeirra vandasömu starfa sem þar eru unnin.

SI gera sátt við Samkeppniseftirlitið

Samtök iðnaðarins og Samkeppniseftirlitið gerðu snemma árs sátt í máli tengdu því þegar virðisaukaskattur og vörugjöld voru lækkuð 1. mars 2007.

Málavextir eru þeir að SI beittu sér fyrir því að gripið yrði til samstilltra aðgerða milli framleiðenda og verslana um að setja kjöt og osta, sem eru verðmerkt hjá framleiðendum, í verslanir frá og með 20. febrúar með lægri sköttum, þrátt fyrir að þurfa að standa ríkissjóði skil á hærrí sköttum af sömu vörum til 1. mars. Tilgangurinn var að lækkunin skilaði sér til neytenda frá fyrsta degi. Tapinu, sem óhjákvæmilega varð af þessu, var skipt milli framleiðenda og verslana en bæði neytendur og ríki fengu sitt. Samkeppniseftirlitið hóf í kjölfarið rannsókn á málinu og komst að þeirri niðurstöðu að með þessum samstilltu aðgerðum hefðu SI brotið samkeppnislög og hindrað samkeppni en ásetningur eða afleiðing brots skipti engu máli við mat á því hvort brot hafi átt sér stað eða ekki. Sátt náðist um að SI greiddu 2,5 milljóna króna sekt til eftirlitsins.

Meirihlutinn sagði já en SA beitir sér ekki

	Já	Nei	Tek ekki afstöðu
LÍÚ	1,7%	97,6%	0,7%
SAF	54,8%	39,0%	6,2%
SAMORKA	32,0%	2,0%	66,0%
SART	38,0%	41,0%	21,0%
SF	3,0%	94,0%	3,0%
SFF	21,5%	4,4%	74,2%
SI	52,3%	40,3%	7,4%
SVP	80,7%	8,8%	10,5%
SAMTALS	42,7%	40,1%	17,2%

Samtök atvinnulífsins spurðu félagsmenn sína í lok ársins um hlutverk SA í Evrópuumræðunni. „Vill þitt fyrirtæki að SA beiti sér fyrir aðild Íslands að ESB og upptöku evru sem gjaldmiðils á Íslandi?“

Niðurstaðan var sú að meirihlutinn svaraði játandi og var munurinn 2,6%. Þá var meirihluti innan fimm samtaka af átta fyrir því að SA beitti sér í málinu.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu var niðurstaða stjórnar SA sú að beita sér ekki í málinu vegna þess að skoðanir væru skiptar.

Þróunarvettvangur á sviði matvæla

Íslenskur þróunarvettvangur á sviði matvæla var stofnaður í maí. Markmiðið með vettvangnum er að koma á samstarfi fyrirtækja í matvælaframleiðslu, samtaka þeirra, rannsókna- og þjónustuaðila, neytenda, stjórnvaldsstofnana og matvælaeftirlits, neytendasamtaka, fjármögnunaraðila og stjórnvalda með það að markmiði að hvetja til nýsköpunar í matvælaíðnaði og auka með því samkeppnishæfni hans. Að undirbúningi stóðu Samtök iðnaðarins, Rannsóknarþjónustan Sýni, MATÍS og RANNÍS. Vettvangurinn er stofnaður að fyrirmynd sambærilegs vettvangs matvælaframleiðenda í Evrópu sem gengur undir nafninu *Food for Life* sem hefur að leiðarljósi að auka framboð hollra matvæla fyrir alla.

Í fyrstu stjórn vettvangsins voru kjörin Guðjón Þorkelson, MATÍS, Guðrún Ólafsdóttir, Rannsóknarþjónustunni Sýni, Katrín Valgeirsdóttir, RANNÍS og Ragnheiður Héðins-

dóttir, Samtökum iðnaðarins. Verkefni þeirra verður að þróa áfram viðfangsefni vettvangsins. Fyrsta verkefni vettvangsins var að stofna til samstarfs við samskonar matvælavettvanga á hinum Norðurlöndunum. Sameiginlega hafa norrænu vettvangarnir hleypt af stað þróunarverkefni sem miðar að því að auka framboð á hollum mat fyrir börn og ungt fólk. Verkefnið verður unnið í nánu samstarfi iðnfyrirtækja, skólamötuneyta, rannsókna- og nýsköpunarstofnana, lýðheilsuyfirvalda og fleiri. Samtök iðnaðarins stýra verkefninu sem er styrkt af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni.



Veljum íslenskt – okkar hagur

Í október hrundu SI af stað nýrri auglýsingaherferð undir slagorðinu *Veljum íslenskt – okkar hagur*. Um er að ræða auglýsingar sem birst hafa í öllum helstu prent- og ljósvakamiðlum, netmiðlum og í strætisvagnaskýlum. Einnig var gerð glæsileg sjónvarpsaugw lýsing sem frumsýnd var um áramótin. Einn liður í herferðinni var hönnun nýs merkis með slagorðinu *Veljum íslenskt – okkar hagur* sem félagsmönnum SI býðst til nota.

Herferðin hefur mælst vel fyrir enda sjaldan verið jafn mikilvægt og nú að huga að innlendri framleiðslu.



Dagur ungra fræðimanna

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og SI hafa í sameiningu haldið *Dag ungra fræðimanna* þar sem ungum og/eða nýútskrifuðum fræðimönnum gefst tækifæri til að kynna rannsóknarverkefni sín á sviði Evrópufræða.

Á liðnu ári voru tvö slík málþing haldin, annað í febrúar og hitt í nóvember. Í febrúar fluttu fjórir ungir fræðimenn erindi tengd rannsóknum sínum.

Jóhanna Jónsdóttir var með erindi undir yfirskriftinni *Getur ESB tryggt að stefnumál þess séu framkvæmd á Íslandi?* Lára Sigurþórsdóttir fjallaði um veruleika *Íslenskra hagsmunaaðila gagnvart ESB-reglugerðum*. Brynja Baldursdóttir um *evrópuvitund utanríkisráðherra Íslands frá 2003 til 2007* og Magnús Árni Magnússon sem nefndi sitt erindi *Eyjar á jaðrinum: Ísland og Malta í Evrópusamstarfi*.

Í nóvember fluttu hvorki fleiri né færri en 7 fræðimenn erindi. Auður Birna Stefánsdóttir fjallaði um *sameiginlega hælisstefnu Evrópusambandsins*, Ragnar Guðmundsson um *evrópsk-*

an skattarétt, Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir um *áhrif Evrópusambandsins á Íslensk- an raforkumarkað*, Yvonne Griep bar saman *Möltu og Ísland*, Snorri Valsson og Anna Margrét Eggertsdóttir fjölluðu um *samningahegðun, samningsstöðu og samninganet Íslands* og Haukur Claessen fjallaði um *gasþörf Evrópusambandsríkja*.

Málþing í tilefni af 90 ára afmæli fullveldis Íslands

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og SI héldu sameiginlega málþing í tilefni af 90 ára afmæli fullveldis Íslands. Þingið var haldið í hátíðasal Háskóla Íslands og bar yfirskriftina *Er Ísland ennþá fullvalda?*

Málþingið var vel sótt en framsögumenn voru Ólafur Þ. Harðarson forseti félagsvísindasviðs, Björg Thorarensen forseti lagadeildar, Þorvaldur Gylfason prófessor í þjóðhagfræði, Guðmundur



Eff2 technologies hlutu Gulleggið 2008

Úrslit úr fyrstu Frumkvöðlakveppni Innovit fyrir íslenska háskólanema og nýútskrifaðra réðust í apríl og afhenti iðnaðarráðherra sigurvegurinum verðlaunagripinn Gulleggið og peningaverðlaun við hátíðlega athöfn í Iðnó.

Hátt í 200 viðskiptahugmyndir voru sendar í keppnina og úr þeim hópi valdi dómnefnd 8 hugmyndir sem keptu til úrslita.

Í fyrsta sæti voru Eff2 technologies, sprotafyrirtæki sem sprottið er úr Háskólanum í Reykjavík, í öðru sæti varð viðskiptateymi úr Háskóla Íslands með fyrirtækið Clara og þriðja sætið vermdi frumkvöðull frá Háskólanum á Bifröst með fyrirtækið Bjarmalund.

Samtök iðnaðarins eru bakhjarlar Innovit ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.



Hálfðánarson prófessor í sagnfræði og Kristrún Heimisdóttir aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Að loknum erindum voru pallborðs- umræður en fundarstjóri var Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður.

Nýir félagsmenn 2008

Í upphafi árs voru félagsmenn 1108 en 1100 í árslok 2008. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti fyrirtæki beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Á. M. Sigurðsson ehf.

Árbæjarþrek ehf.

Bang ehf.

Basis ehf.

Becromal Iceland ehf.

Betware á Íslandi hf.

Brimnesvegur 28 ehf.

Dansrækt-JSB ehf.

Einingar ehf.

Eskill ehf.

Framvörður ehf.

Geimsteinn ehf.

Gogogic ehf.

HBH Framkvæmdir ehf.

Heilsuakademían ehf.

Heilsudalurinn ehf.

Icelandic Hydrogen ehf.

IFOAM ehf.

Init ehf.

Jónsmenn ehf.

Kraftganga, líkamsrækt

Kögun ehf.

Landstólpi ehf.

Lífsstíll Vikars ehf.

Líkamsræktin Bjarg ehf.

Magnús Þórðarson

Matís ehf.

Naust Marine hf.

NordicaSpa ehf.

Norrænar Myndir ehf.

Orkubúið ehf.

Outcome hugbúnaður ehf.

Sero ehf.

SJS music slf.

Spons sf.

Sprettur þróun ehf.

Staka ehf.

Stúdíó Sýrland ehf.

TellMeTwin ehf.

Topp verktakar ehf.

Toppsport ehf.

Tölvu- og tækniþjónustan ehf.

Valgeir Sigurðsson ehf.

Ylur ehf.

Þrek ehf.

Þá hafa margir félagar slegist í hópinn hjá fjölmörgum aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins. Félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á www.si.is.

Stjórn starfsgreinahóps í prentiðnaði kjörin

Stjórn starfsgreinahóps Samtaka iðnaðarins í prentiðnaði var kjörin í lok maí. Stjórnin sem mun koma reglulega saman og vinna að verkefnum fyrir prentiðnað. Hún mun einnig gæta að hagsmunum greinarinnar innan SI. Í stjórn voru kjörnir, Baldur Þorgeirsson formaður, Guðbrandur Magnússon varaformaður, Kristþór Gunnarsson, Sveinbjörn Hjálmarsson og Sverrir Brynjólfsson.

Forsvarsmenn allra fyrirtækja í prenti innan SI geta komið málum inn á borð stjórnar. Þá geta þeir einnig fengið að sitja stjórnafundi óski þeir sérstaklega eftir slíku.

Þingmaður Evrópuþingsins með fyrirlestur

Diana Wallis, þingmaður Evrópuþingsins, hélt fyrirlestur um tengsl Íslands og Evrópusambandsins á fjölsóttum fundi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Samtaka iðnaðarins í apríl.



Í fyrirlestrinum ræddi Diana hvaða áhrif það hefur á Ísland að standa utan ESB í ljósi nýgerðs sáttmála sambandsins og stefnu þess á sviði Norðurskautsmála.

Diana Wallis hefur setið á Evrópuþinginu frá því árið 1999 og verið varaforseti þingsins frá því í desember 2006. Wallis hefur lengi haft mikinn áhuga á málefnum Norðurlandanna og var kosin forseti fastanefndar Evrópuþingsins gagnvart Íslandi, Noregi og Sviss í september 2004. Þá var hún einnig kosin forseti sameiginlegu EES þingnefndarinnar í september 2004 og þeirri stöðu gegndi hún í þrjú ár. Wallis hefur verið fulltrúi Evrópuþingsins á fundum Norðurlandaráðsins, þingmannaráðs landa við Eystrasalt og fastanefnd þingmanna í Norðurskautslöndum.

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar 2009

SI boðuðu til opins fundar um framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 í nóvember. Mikill áhugi er fyrir samvinnu milli Reykjavíkurborgar og verktaka um tillögur að framkvæmdum á vegum borgarinnar í samræmi við nýjar áherslur í atvinnumálum. Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2009 hljóðar upp á 6-8 milljarða. Óskar Bergsson formaður Framkvæmda- og eignasviðs kynnti áætlunina og sagði að verið væri að tryggja fjármögnun og vinna að forgangsröðun verka.



Ný lög

Frumvarp um breytingar á matvælaöggjöf

Á árinu var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á viðauka við EES samninginn til að gera mögulegt að innleiða matvælaeðglugerð Evrópusambandsins og afleiddar reglugerðir. Breytingarnar fela m.a. í sér samræmingu á matvælaeftirliti, aukið frelsi til innflutnings á hráu kjöti, mjólkurvörum og eggjum og aukinn eftirlitskostnað. Skoðanir eru skiptar um ágæti þessara breytinga og var afgreiðsla frumvarpsins frestað til næsta þings. Í umsögn SI var lögð áhersla á að heimildir, til að koma í veg fyrir að matvörur mengaðar af salmonellu og kamfýlóbakter berist hér á markað, verði nýttar, að eftirlitskostnaði fyrirtækja verði stillt í hóf og að gefinn verði rúmur aðlögunartími vegna rýmri innflutningsheimilda. Frumvarpið var lagt fram aftur í nokkuð breyttri mynd skömmu fyrir jól og bíður nú afgreiðslu Alþingis.

Flýtimeðferð á umsóknum um dvalarleyfi erlendra sérfræðinga

Á vorþingi samþykkti Alþingi breytingar á lögum um útlendinga þar sem meðal annars er að finna heimild til að veita umsóknum um dvalarleyfi erlendra sérfræðinga forgangsfreiðslu. Samtök iðnaðarins hafa lengi barist fyrir þessum breytingum og fagna því að þær hafa nú loksins litið dagsins ljós.

Nýsamþykkt lög sem SI hafa látið sig varða

Nokkur lög og lagabreytingar sem Samtök iðnaðarins létu sig varða voru samþykkt á Alþingi skömmu fyrir jól.

1. Lög um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Um er að ræða lög er snúa að skattlagningu olíuvinnslu innan íslensku efnahagslögsögunnar og íslenska landgrunnins.
2. Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi. Forsendur breytinganna eru þær að fyrirhugað er að bjóða út rannsóknir og vinnslu

kolvetnis af hálfu íslenska ríkisins í íslenski efnahagslögsögu.

3. Lög um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Breytingarnar snúa að álagningu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi og tóbak sem tekur mið af áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007. Málið er frá 17. nóvember 2008 og fjallar um heimild ÁTVR til að láta álagningu skila arði í ríkissjóð sbr. ákvæði 20. gr. reglugerðar nr. 883/2005, um áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Niðurstaða umboðsmanns var sú að lagaumhverfið heimilaði ekki að álagning ÁTVR væri ákveðin með þessum hætti. Með þessum laga-breytingum er styrkari stoðum skotið undir framkvæmd álagningar ÁTVR að því undanskyldu að sama álagning er á áfengi í reynslusölu og öðru áfengi. Þá voru gerðar þær breytingar að ÁTVR getur nú innheimt sérstakt þjónustugjald vegna þess kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu.
4. Lög um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum. Þarna er að finna ákvæði til bráðabirgða sem veitir ársreikningskrá heimild til að taka til meðferðar umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, annars vegar fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar fyrir reikningsárið sem hefst 1. janúar 2009, jafnvel þótt slík umsókn berist ekki ársreikningaskrá fyrr en 30. desember 2008.
5. Lög um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum. Ástæður þessara breytinga eru einkum þær að verkefni tilrauna-dýranefndar hafa breyst og vaxið talsvert á undanförunum árum og þóttu lagaákvæði um starfsskiptyrði nefndarinnar ekki fullnægjandi. Meginforsendur þessara breytinga eru að skerpa á hlutverki tilraunadýranefndar jafnframt því að tryggja henni lagastoð til að standa undir kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af störfum hennar.

Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is

Verk og vit

Sýningin Verk og vit 2008 var haldin í Laugardalshöllinni í apríl. Góður rómur var gerður að sýningunni og sýndur sem voru hátt í 100, lögðu mikinn metnað í sýningarsvæði sín.

Fjölbreyttir viðburðir voru haldnir samhliða Verki og viti og meðal þeirra má nefna Íslandsmót iðngreina og ráðstefna SI *Áhætta í verktöku*.

AP sýningar stóðu að Verki og viti 2008 í samstarfi við iðnaðarráðuneyti, Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Landsbankann og Ístak.



Vel sóttur félagsfundur

Samtökin héldu vel sóttan félagsfund í byrjun desember þar sem efnahagsástandið var til umræðu. Helgi Magnússon formaður SI fór yfir þá sérstæðu stöðu sem uppi er í íslensku samfélagi. Hann sagði afar mikilvægt að yfirvöld hröðuðu fjárfestingum og stórum framkvæmdum auk þess sem leggja þurfi áherslu á orkufrekan iðnað á borð við álver og gagnaver. Fara þurfi sem fyrst í virkjunarframkvæmdir og styðja allan iðnað, stóran sem smáan. Ferðaþjónustu og ýmsar aðrar greinar þurfi einnig að hvetja, en aukning þorskkvóta myndi auka verðmætasköpun. Í þeirri endurreisn og sjálfstæðisbaráttu sem framundan væri myndi íslenskur iðnaður gegna lykilhlutverki.

Loftur Árnason hjá Ístaki og Víglundur Þorsteinsson hjá BM Vallá viðruðu áhyggjur sínar af ástandinu hjá verktökum þar sem mest hefur verið um uppsagnir. Anna María Pétursdóttir, starfsmannastjóri Vífilfells og Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, lögðu áherslu á að nýta vel þau tækifæri sem felist í



nýsköpun og vel menntuðu fólki. Einar Mäntylä hjá Orf Líftækni tók í sama streng. Hann sagði undan og ofan af vexti fyrirtækisins undanfarin misseri og lagði áherslu á að ekki mætti vanmeta sprotafyrirtæki og tækifæri sem í þeim felist.

Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, stýrði fundinum af röggsemi og hvatti fundarmenn til þess að líta í eigin barm. Hver og einn þyrfti að gera það sem hann gæti til þess að spara og afla gjaldeyris, til dæmis með því að velja íslenskt.



Fundur norrænna formanna í samtökum atvinnulífs og iðnaðar

Árlegur fundur formanna samtaka norrænna iðn- og atvinnurekenda var haldinn á Hótel Sögu í ágúst. Umræðuefni fundarins var þrískipt þar sem fjallað var um stöðu Norðurlandanna í alþjóðlegu efnahagskerfi. Áhersla var lögð á sérstöðu landanna, þróun á vinnumarkaði og stefnu í menntamálum.

Í umfjöllun um stöðu þeirra í alþjóðlegu efnahagskerfi kom meðal annars fram að mikilvægt er fyrir þau að styrkja samkeppnishæfni og viðskiptatraust. Til þess ættu þau einkum að líta til nýsköpunar, menntunar í atvinnulífnum.

Þá var ný sameiginleg skýrsla samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndum um stöðu og horfur á norrænum vinnumarkaði kynnt. Þar kemur meðal annars fram að á Norðurlöndunum eru 10-15% fólks á vinnualdri utan vinnumarkaðar tímabundið eða til frambúðar vegna heilsufarsvanda. Útlit er fyrir að fólki muni fækka á norrænum vinnumarkaði á næstu árum og áratugum. Fjölmennir árgangar eru auk þess að fara á eftirlaun og ungt fólk byrjar seinna að vinna en áður.

Menntamálin skipuðu stóran sess í umræðum fundarins og ljóst að Norðurlöndin glíma við ámóta vandamál á því sviði. Alls staðar er verið að gera gagngerar breytingar á menntakerfinu sem meðal annars felast í aukinni þátttöku atvinnulífs og miða að því að laða að fleiri nemendum í tækni- og iðnnám.

Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins



Þann 29. febrúar urðu straumhvörf í sögu iðnmenntunar þegar undirritaður var þjónustusamningur milli menntamálaráðuneytisins og Menntafélagsins í Iðnskólanum í Reykjavík. Samtök iðnaðarins, LÍÚ, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Samorka og SÍK mynda Menntafélagið sem nú hafa tekið yfir rekstur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans og sameinað þá í stærsta framhaldsskóla landsins.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

menntamálaráðherra afhjúpaði nýtt nafn og merki hins sameinaða skóla við opnun sýningarinnar Verk og vit í Laugardalshöll í apríl og hlaut skólinn nafnið Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins.

Skólinn tók formlega til starfa 1. júlí síðastliðinn við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans á Skólavörðuholti.

Um 1.800 nemendur stunduðu nám í dagsskóla á haustönn en fleiri umsóknir bárust en samanlagt í IR og FTÍ seinustu ár.

Mikil hagræðing felst í sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Þannig eru meðal annars ákveðnar greinar á efri stigum nú kenndar á einum stað í stað tveggja áður. Auk þess er sparnaður í kaupum á tækjabúnaði.

Innan Tækniskólans verða deildir nú skilgreindar sem skólar og skólastjóri stýrir hverjum skóla fyrir sig. Um er að ræða 11 skóla sem munu byggja í meginþáttum á sama grunni og hingað til. Þeir eru Byggingartækniskólinn, Endurmenntunarskólinn, Fjölmenningarskólinn, Flugskóli Íslands, Hársnyrtiskólinn, Hönnunar- og handverkskólinn, Raftækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Upplýsingaskólinn og Véltækniskólinn.

Fyrsta útskrift úr Tækniskólanum skóla atvinnulífsins fór fram þriðja nóvember. Þá voru átta fag- og iðn- nemar útskrifaðir úr diplómanámi í rekstri og stjórnun.

Vel heppnaður kynningarfundur með þingmönnum

Stjórn Samtaka iðnaðarins bauð alþingismönnum til kynningarfundar í húsakynnum CCP hf. í janúar. Um 20 þingmenn komu á fundinn, ræddu málefni iðnaðar við stjórn og forsvarsmenn SI og hlustuðu á fyrirlestur um CCP og tölvuleikinn EVE online.

Fundurinn var haldinn í þeim tilgangi að efla tengsl þingmanna og atvinnulífsins og auka gagnkvæman skilning hvor- um tveggja til hagsbóta. Í ljósi þess voru nýir alþingismenn sérstaklega boðnir velkomnir.

Helgi Magnússon, formaður SI, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Þá tók til máls Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, og kynnti uppbyggingu, starfsemi og áherslumál samtakanna. Þegar kynningu lauk var orðið gefið laust og stýrði Helgi umræðum með þátttöku þriggja stjórnarmeðlima SI, þeirra Önnu Maríu Jónsdóttur, Lofts Árnasonar




og Sigurðar Braga Guðmundssonar. Þingmennirnir höfðu margs að spyrja og umræðurnar voru bæði fróðlegar og gagnlegar fyrir alla aðila.

Að umræðum loknum hélt Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, stórskemmtilegt erindi um fyrirtækið og framleiðslu þess, tölvuleikinn EVE online, sem hlotið hefur alþjóðlega útbreiðslu. CCP hf. er gott dæmi um útflutning á hugviti og þekkingu ungs fólks enda fundarstaðurinn valinn til að leggja áherslu á mikilvægi nýsköpunar og endurnýjunar- kraft í atvinnulífinu.

Hvað með evruna?

Samtök iðnaðarins og Alþýðusamband Íslands fólu fyrir þremur árum Evrópufræðasetrinu á Bifröst að gera rannsókn og taka saman í bók helstu atriði varðandi Ísland og evruna. Bókin kom út í mars sl.

Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent í stjórnmálafræði, og Jón Þór Sturluson, dósent í hagfræði tóku bókina saman sem er afrakstur tveggja ára rannsóknar. Í bókinni eru helstu álitamál varðandi hugsanlega innleiðingu evru á Íslandi greind á einfaldan og aðgengilegan hátt. Fjallað er um myntsamruna í Evrópu og skoðað hvaða áhrif inn-ganga í Evrópusambandið og upptaka evru hefðu á íslenskt efnahagslíf og samfélag.



Virkjum kraft kvenna í iðnaði



Fjölmenni sótti morgunverðarfund sem haldinn var á Hótel Borg um miðjan febrúar þar sem fjallað var um stöðu kvenna í iðnaði.

Fundurinn er liður í starfi SI við að skoða hlut kvenna í starfi og stjórn aðildarfyrirtækja sinna. Þegar kannað

er hlutfall karla og kvenna í röðum framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og starfsmannastjóra í fyrirtækjum innan SI kemur í ljós að í stöðum stjórnenda eru karlmenn í miklum meirihluta, sérstaklega í stærstu fyrirtækjunum. Því er nauðsynlegt að skapa vettvang til að ræða stöðu kvenna í iðnaði og hvetja þær til að taka virkan þátt í starfi SI og fyrirtækjanna sem þær starfa hjá.

Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs og stjórnarmaður í SI, kynnti niðurstöður könnunar á kynjaskiptingu stjórnenda hjá aðildarfyrirtækjum SI. Yrsa Sigurðardóttir, tæknistjóri VIJV og rithöfundur, sagði frá reynslu sinni af störfum á virkjansvæði Kárahnjúka. Gyða Margrét Pétursdóttir, félags- og kynjafræðingur, gerði grein fyrir eigindlegri rannsókn sem hún gerði um stöðu kvenna í upplýsingafyrirtækjum. Auður Hallgrímsdóttir, fjármálastjóri Járnsmiðju Óðins, fjallaði um helstu breytingar á fyrirtækinu. eftir að hún hóf þar störf.

Að erindum loknum tóku við pallborðsumræður með þátttöku Birnu Pálu Kristinsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Alcan, Karenar Kristjónu Ernstsóttur, verkfræðings hjá Ístaki og Aðalheiðar Héðinsdóttur. Erna Indriáadóttir, framkvæmdastjóri hjá Alcoa Fjarðaáli stýrði fundi og umræðum af mikilli röggsemi.

1,5 milljóna styrkur til ímyndaráttaks SUT

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja hafa mikinn hug á að efla kynningu á faginu og styrkja ímynd þess út á við. Eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólki og tölvunarfræðingum hefur um all nokkurt skeið verið langt umfram framboð þó að nýjustu atburðir í efnahagslífinu kunni að breyta því nokkuð. Færri hafa útskrifast og konum hefur fækkað áberandi mikið.

Til að sporna við þessari þróun er mikilvægt fyrir upplýsingatæknigeirann að taka höndum saman við hið opinbera, atvinnulífið og samtök þess um að gera verkefni upplýsingatækninnar meira aðlaðandi. Kynna þarf námið fyrir nemendum snemma og sýna fram á að starfsmöguleikar eru miklir og fjölbreyttir. Mikilvægt er að breyta því hugarfari að um „strákastarf“ sé að ræða og virkja konur til náms og starfa. SUT hafa í hyggju að fara af stað með átak sem tekur til næstu ára og felur m.a. í sér markvissar kynningar í



skólum, dreifingu kynningarefnis og auglýsingaherferðar. Sótt var um 1,5 milljón króna styrk til Nýsköpunar- og menntasjóðs SI til verkefnisins en styrknum er fyrst og fremst ætlað að standa straum af kostnaði við hönnun og prentun á kynningarefni (bæklingi, blaða-, skjá og netauglýsingum). Stjórn SI samþykkti styrkveitinguna og mun ímyndarvinna SUT hefjast árið 2009.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2008 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Anna María Pétursdóttir, Vífilfell hf.
Bóli Árnason, GT Tækni ehf.
Sveinbjörn Hjalmarsson, Umslag ehf.

Endurvinnsluiðnaður

Haraldur Þ. Ólason, Fura ehf.

Gúmmí-, plast, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan

Heilbrigðistækniíðnaður og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.
Hafrún Friðriksdóttir, Actavis hf.
Jón Gunnar Jónsson, Actavis hf.
Sigríður Valgeirsdóttir, NibelGen System, útibú á Íslandi
Snorri Þórisson, Rannsóknabjónustan Sýni ehf.
Þráinn Þorvaldsson, SagaMedica-Heilsujurtir ehf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Bergsteinn Einarsson, Set hf.
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.
Óli Jón Gunnarsson, Loftorka Borgarnesi ehf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.
Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Haraldur Sumarliðason, byggingameistari
Magnús Jónsson, Ris
Skarphéðinn Ómarsson, Háfell ehf.
Stefán Friðfinnsson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Stefán Jónsson, Meristaraf. bygg.manna á N-landi
Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara
Þorsteinn V. Sigurðsson, Málarameistarafélag Reykjavíkur

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöruíðnaður:

Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.
Magnús Ólafsson, Mjólkursamsalan ehf.
Sigurður Jóhannesson, SAH Afurðir ehf.

Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.
Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.
Þorsteinn Ögmundsson, Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappírsiðnaður:

Baldur Þorgeirsson, Kvos
Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið Árvakur hf.
Kristþór Gunnarsson, Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó. ehf.

Raf-, rafeinda- og hugbúnaðariðnaður:

Guðmar Guðmundsson, TM Software
Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.
Eggert Claessen, Hugvit hf.

Sprotafyrirtæki:

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf.
Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf.

Samtök hljóðvera og upptökustjóra:

Barði Jóhannsson, Bang ehf.
Páll Ólafsson, Stúdíó Sýrland ehf.

Samtök heilsuræktarstöðvar:

Ágústa Johnson, Framvörður ehf.
Björn Leifsson, Þrek ehf.

Stóriðja:

Ragnar Guðmundsson, Norðal ehf.
Rannveig Rist, Alcan á Íslandi hf.

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís ehf.

Starfsmannabreytingar



Sigríður Guðlaugsdóttir fjölmiðlafræðingur hóf störf hjá SI sem verkefnastjóri miðlunar. Í starfinu felst meðal annars ritstjórn á vef og fréttablaði Samtakanna.

Sigríður úrskrifaðist með MA gráðu í margmiðlunarfréttamennsku frá Bournemouth háskóla í Bretlandi árið 2006, en þar stundaði hún einnig BA nám í fjölmiðlafræði. Hún hefur starfað sem fréttamaður á Stöð 2, Vísi og Bylgjunni og við dagskrárgerð hjá RÚV. Þá vann hún við viðburðarstjórnun auk þess að starfa við tímabundin verkefni fyrir Saga Film.

Þóra Kristín Jónsdóttir hóf störf hjá Félagi íslenskra iðnrekenda 1992 og lét af störfum hjá Samtökum iðnaðarins á árinu. Þóra Kristín sinnti margvíslegum störfum einkum greinaskrifum og málfarsráðgjöf hjá Samtökunum.

Guðmundur Ásmundsson hóf störf hjá Félagi íslenskra iðnrekenda 1993 og lét af störfum hjá Samtökum iðnaðarins á árinu. Guðmundur var forstöðumaður upplýsingatæknisviðs Samtakanna.

Samtök iðnaðarins bjóða nýjan starfsmann velkomin til starfa og óska þeim, sem látið hafa af störfum, velfarnaðar á nýjum vettvangi um leið og þeim eru þokkuð vel unnin störf.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok 2008



**Jón Steindór
Valdimarsson**
Fram-
kvæmdastjóri



**Jón Bjarni
Gunnarsson**
Aðstoðarfram-
kvæmdastjóri



**Árni
Jóhannsson**
Forstöðumaður
mannvirkjasviðs



**Ásgeir
Magnússon**
forstöðumaður
skrifstofu SI á
Norðurlandi



**Bjarni Már
Gylfason**
Hagfræðingur



**Bryndís
Skúladóttir**
Forstöðumaður
umhverfismála



**Dagmar E.
Sigurðardóttir**
Álagning
félagsgjalda
Innheimta,
bókari



Davíð Lúðvíksson
Forstöðumaður
stefnumóttunar og
nýsköpunar



**Ferdinand
Hansen**
Verkefnastjóri
gæðamála



**Friðrik
Ólafsson**
Meistarafélag
iðnaðarmanna í
Hafnarfirði



**Haraldur D.
Nelson**
Forstöðumaður
upplýsingatækni
og prentsviðs



**Ingí Bogi
Bogason**
forstöðumaður
menntamála



**Ingólfur
Sverrisson**
Forstöðumaður
mál- og
véltækisviðis



**María
Hallbjörnsdóttir**
Gjaldkeri



**Ragnheiður
Héðinsdóttir**
Forstöðumaður
matvælasviðs



Rakel Pálsdóttir
Forstöðumaður
almannatengsla



**Sigurður B.
Halldórsson**
Lögfræðingur



**Sigríður
Guðlaugsdóttir**
Verkefnastjóri
miðlunar



**Valdís
Axfjörð**
Móttaka



**Þóra
Guðmundsdóttir**
Móttaka
Innheimta



Þóra Ólafsdóttir
Móttaka
Umbrot

